



Minnisblað – Flugvöllurinn á Siglufirði, umsögn

Málsnúmer: 201105 Dags: 12.11. 2020 Fjöldi bls. 1
Viðtakandi: Bæjarráð Fjallabyggðar
Dreifing: Þeir er málið varðar
Samið af: Elíasi Péturssyni

Flugvöllurinn á Siglufirði – Umsögn til bæjarráðs

Á 673. fundi bæjarráðs var eftirfarandi fært til bókar:

Lagt fram erindi Kristínar Sigurjónsdóttur fh. Tröllla.is, dags. 25.10.2020 þar sem óskað er eftir upplýsingum um ástand flugvallarins á Siglufirði og framtíðaráform hans. Einnig er óskað eftir upplýsingum um hver tók ákvörðun um að enduroppna flugvöllinn á sínum tíma með tilheyrandi kostnaði. Bæjarráð samþykkir að óska eftir umsögn bæjarstjóra varðandi ástand vallarins og fjölda landinga á árinu 2020. Bæjarráð bendir á að ákvörðun um viðhald eigna sveitarfélagsins er tekin af bæjarstjórn við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert. Bæjarstjórn tekur jafnframt ákvarðanir um einstök verkefni og fjárútlát.

Forsaga máls í grófum dráttum er að flugvöllinum á Siglufirði var lokað árið 2014, með þeirri lokun varð flugvélum með öllu óheimilt að lenda á flugvöllinum. Bæjarráð samþykkti síðla árs 2017 (532. fundur) að senda inn umsókn til Samgöngustofu þess efnis að Siglufjarðarflugvöllur yrði skráður sem landingarstaður. Með þeirri skráningu væri flugvélum heimilt að lenda á völlum. Fram kom í bókun bæjarráðs að opnun vallarins myndi styðja við framfarir í ferðaþjónustu í sveitarfélaginu en jafnframt að flugbrautin væri mikilvægt öryggismannvirki fyrir íbúa Fjallabyggðar. Í kjölfar samþykktar bæjarráðs var sótt um leyfi til Samgöngustofu og var það veitt í byrjun ágústmánaðar 2018, frá þeim tíma hefur völlurinn verið opinn sem skráður landingarstaður í samræmi við kröfur reglugerðar nr.464/2007.

Opnun flugvallarins þýddi að minni flugvélar með ferðamenn og sjúkraflugvélar gátu lent og tekið á loft. Flugvöllurinn hefur verið nýttur af flugvélum sem taka allt að 19 farþega, en mest hefur notkunin verið í tengslum við flug með ferðamenn sem koma til Siglufjarðar eða til dvalar að Deplum í Fljótum. Ekki liggja fyrir upplýsingar um fjölda landinga frá enduroppnun vallarins.

Umhirða flugvallarins er einföld og henni fylgir lítill kostnaður. Koma þarf í veg fyrir gróðurvöxt, illgresi og mosa, á flugbrautinni sjálfri og sópa brautina 1-2 sinnum á ári. Ef til óskað er vetraropunar þarf að semja um það sérstaklega, flugrekendur semja þá um t.d. snjómokstur við verktaka á staðnum og greiða fyrir þá þjónustu.

Hvað sumarið í sumar varðar þá fórst fyrir að eyða gróðri, það mun verða gert á komandi sumri ásamt sópun samhliða götusópun.

Eins og málum er nú fyrir komið þá ber Fjallabyggð óverulegan kostnað af rekstri flugvallarins.

Það er mat undirritaðs að færa megi fyrir því rök að opinn landingarstaður á Siglufirði geti verið öryggismál fyrir íbúa Fjallabyggðar, þ.e. að flugvélar geti lent á Siglufirði í bráðatilvikum. Einnig getur flugvöllurinn verið mikilvæg samgöngustoð fyrir atvinnuuppbyggingu, ekki síst í ferðaþjónustu.

virðingarfyllt

bæjarstjóri